

Skýrsla um skólastarf í fangelsum á vegum FSu skólaárið 2013-14

Enn eitt aðsóknarmetið að menntun í fangelsum var slegið á þessu skólaári. Alls innrituðust í nám á Litla-Hrauni og í Sogni 68 nemendur á haustönn 2013. Þar af voru fjórir í háskólanámi, en hinir 64 voru skráðir í nám á vegum FSu. Á vorönn 2014 voru samtals 70 nemendur innritaðir í nám; fjórir í háskólanám, 65 í nám á vegum FSu og einn í nám á vegum MK.

Haustönn 2013

Skólalald á haustönn hófst föstudaginn 23. ágúst með útteilingu stundaskráa til 34 nemenda á Litla-Hrauni og annarra 11 í Sogni. Kennsla hófst svo í báðum fangelsunum að morgni mánudagsins 26. sama mánaðar.

Eins og jafnan áður voru nemendur að koma og fara á önninni, en alls entust samtals 48 FSu-nemendanna út önnina. Þeir voru upphaflega skráðir í 164 áfanga og lágu enn 353 einingar undir, þegar kennslu lauk. Áður höfðu þeir sagt sig frá 28 einingum. En öfugt við það, sem gerðist í vingarðinum skv. helgri bók, var uppskeran lítil þó verkamennirnir væru margir. Af fyrrnefndum einingum skiluðu sér aðeins 142 í hinn miðlæga gagnagrunn, Innu, en 211 ýmist fóru í súginn eða skila sér hugsanlega á næstu önn. Í fangelsunum eru annamótin nefnilega fljótandi en ekki fast dagsett eins og í dagskólanum. Þetta helgast af því að stöðugt er verið að innrita nýja nemendur alla önnina og freista þess, að láta þá taka próf, sem losna fyrir hefðbundin annamót.

Samtals sinntu fjórir kennarar frá FSu staðbundinni kennslu í Sogni auk þess sem kennslustjóri í fangelsunum báðum og Anna Fríða Bjarnadóttir, náms- og starfsráðgjafi í fangelsum, komu þangað einu sinni í viku sinn daginn hvort. Á Litla-Hrauni sinntu sex kennarar við FSu staðbundinni kennslu auk kennslustjóra, en þar hefur áður nefndur náms- og starfsráðgjafi einnig sína starfsaðstöðu.

Auk ofangreindra komu sjö FSu-kennarar að fjarnámi í samtals 17 áföngum í fangelsunum báðum.

Vorönn 2014

Sú breyting varð á starfsmannahaldi FSu í fangelsunum, að Anna Fríða Bjarnadóttir, náms- og starfsráðgjafi, fór í launalaust námsleyfi og í hennar stað var ráðin Hjördís Árnadóttir, sem áður hafði starfað sem náms- og starfsráðgjafi við FVA, og leysti hún Önnu Fríðu af á vorönninni. Nú, við annarlok, liggur fyrir að Anna Fríða kemur ekki til starfa að nýju í fangelsunum og verður starfið því auglýst laust til umsóknar. Þá ríkir nokkur óvissa um starfshlutfall náms- og starfsráðgjafar í fangelsunum, en treglega hefur gengið að fá fjárveitingar frá ríkisvaldinu til að mæta þeim kostnaði sem hlýst af menntun fanga í fangelsum landsins.

Skólalald á vorönn 2014 hófst með útbýtingu stundaskráa til væntanlegra nemenda mánudaginn 6. janúar í báðum fangelsunum og hófst kennsla svo morguninn eftir skv. stundaskrá. Þá voru 42 skráðir til náms við FSu á Litla-Hrauni og aðrir 9 í Sogni. Eins og að ofan greinir, átti eftir að kvarnast úr hópnum og nýir menn að bætast í hann.

Alls voru nemendur í fangelsunum báðum innritaðir í 486 einingar á vorönn. Eins og jafnan áður flosnuðu margir upp úr námi, einhverjir byrjuðu aldrei og aðrir náðu ekki að ljúka neinum einingum, áður en þeir losnuðu úr fangelsi eða önninni lauk. Við annarlok voru 48

nemendur enn skráðir við nám eða höfðu lokið einhverjum einingum á önninni. Af þeim skiluðu 14 nemendur engum stöðnum einingum, en hinir 34 skiluðu samtals 161 einingu.

Einkunnadreifing, þar sem nemendur skiluðu sér til prófs, var eftirfarandi:

Einkunn	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
Fjöldi	5	14	9	25	6	3	4	1	1	0

Af þessum tölum má ráða, að nemendur í fangelsum eru almennt ekki að þreyta próf, nema þeir hafi tileinkað sér námsefnið allvel. Einnig er ljóst orðið, að sú ákvörðun, að taka nemendur inn í skólann nánast alla önnina, er að skila sér í stöðnum einingum. Sem dæmi um það má nefna, að nemandi, sem hóf nám í byrjun október 2013 og yfirgaf fangelsið í febrúar sl., náði að ljúka 5 einingum; þar af tveimur á þessari önn og þremur á síðustu haustönn.

Eins og á haustönninni sinntu fjórir kennarar staðbundnu námi í Sogni auk þess sem náms- og starfsráðgjafi og kennslustjóri fóru þangað einu sinni í viku. Á Litla-Hrauni kenndu fimm kennarar einu sinni til tvisvar sinnum í viku hverri og einn kennari kom á hálfsmánaðarfresti frá FSu og kenndi þar grunnteikningu. Enginn fangi sótti nám við dagskóla FSu á Selfossi á önninni, þótt annað mætti skilja á frétt á **mbl.is** fyrr í þessum mánuði, en allnokkur hópur vistmanna í báðum fangelsunum naut fjarkennslu tíu kennara við FSu. Fjarnámið byggðist á tölvuaðgengi nemendanna, en það er af mun skornari skammti á Litla-Hrauni en í Sogni.

Eins og undanfarin ár þessa áratugar var nokkurs konar uppgjörsfundur skólastjórnenda, forstöðumanna fangelsanna og staðbundinna fangelsiskennara haldinn að afloknum vorannarprófum. Meðal athyglisverðra athugasemda, sem þar komu fram, var ábending frá einum kennaranna, um hræðslu nemenda gagnvart fljóttandi mannsblóði vegna smithættu. Þá var rifjað upp, að staðbundnum kennurum í fangelsinu á Litla-Hrauni hafði verið boðið upp á „bólusetningu“ gegn lifrabólgu fyrir nokkrum árum á kostnað fangelsisins. Ástæða þykir til, að fara að íhuga þessi mál að nýju og auka upplýsingastreymi til nýrra starfsmanna í menntunarmálum fanga, þar sem endurnýjun er fyrirsjáanleg og hefur að hluta til þegar átt sér stað.

Loks ber þess að geta hér, að undirritaður hefur sagt lausu starfi sínu frá og með 31. desember nk.

Stokkseyri, 31. maí 2014

Ingis Ingason

kennslustjóri á Litla-Hrauni og í Sogni

